



Grundarfirði, 2. október 2025

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2026,
2. mál með vísan í XXIII. kafla.**

Grundarfjarðarbær vill koma á framfæri athugasemdum við breytingatillögu „**Álagning innviðagjalds á skemmtiferðaskip árið 2025 eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins lið 3.19. og tímabundin lækkun á innviðagjaldi.**“

Álagning innviðagjalds á skemmtiferðaskip hefur nú þegar haft neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir Grundarfjarðarhöfn, Grundarfjarðarbæ og Snæfellsnes í heild. Afbókanir skemmtiferðaskipa hafa stórlega aukist og bókunarstaða næstu ára sýnir nú þegar fækkun á skipakomum, sem veldur áhyggjum, sjá upplýsingar í meðfylgjandi minnisblaði. Þá er einnig vert að nefna, þótt það heyri ekki undir þetta mál, að afnám tollfrelsis á leiðangursskip og önnur minni skip er einnig farið að valda miklu tapi um allt land, meðal annars í Grundarfjarðarhöfn.

Mikilvægt er að stíga varlega til jarðar. Óhófleg gjaldtaka getur haft óafturkræf áhrif á greinina. Grundarfjarðarbær óskar eftir því að unnar verði greiningar á áhrifum innviðagjaldsins, haft verði samráð og rætt við hagaðila í greininni. Mikilvægt er að hafa í huga að skemmtiferðaskip bóka sig að lágmarki tvö ár fram í tímann og er því brýnt að fyrirsjáanleiki sé í þeim ákvörðunum sem teknar eru. Leið til gjaldtöku þarf að vera sanngjörn og á að stuðla að samkeppnishæfni ólíkra tegunda ferðapjónustu. Því er t.d. undarlegt að gistináttaskattur sé mikið lægri en innviðagjald sem sett er á skemmtiferðaskipafarþega. Auk þess eru skipafarþegar rukkaðir um gjaldið hvort sem skipið kemst í höfn eða ekki, t.d. vegna veðurskilyrða.

Til eru þekkt dæmi frá Alaska þar sem byggður hafði verið upp öflug móttaka og þjónusta við skemmtiferðaskip. Þau viðskipti sköðuðust alvarlega þegar farið var að skattleggja greinina fram úr hófi og var talað um að það hefði tekið 10 ár að byggja greinina upp aftur. Það væri afar heppilegt að íslensk stjórnvöld myndu kanna hvernig þessi tegund ferðapjónustu er skattlögð í nágrannalöndum okkar, t.d. Færeyjum, Noregi og Grænlandi. Greina má aukningu í skipakomum í öllum þessum löndum nú, en fækkun á Íslandi og á það við um allar hafnir landsins.

Þá hefur verið kallað eftir svörum um það í hvað innviðagjaldið á að fara og hvers vegna sveitarfélögin fá þetta gjald ekki til sín, til að byggja upp innviði til að taka á móti farþegum af skemmtiferðaskipum.

Undirrituð óskar eftir tækifæri til að koma fyrir nefndina og ræða þessi mál.

Virðingarfyllt,

Björg Ágústsdóttir
bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar og formaður hafnarstjórnar Grundarfjarðarhafnar